

Fréttatilkynning

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

Rekstur Brims á fyrsta ársfjórðungi þessa árs var hefðbundinn. Verð á þorski, ýsu og ufsaafurðum á alþjóðamörkuðum voru góð en verð á karfaafurðum var áfram lágt. Botnfiskafli var áþekkur en hins vegar var engum kvóta úthlutað til íslenskra veiðiskipa í Barentshafi vegna minnkandi þorskstofns. Sala á afurðum gekk vel og birgðir minnkuðu. Veiði uppsjávartegunda var sambærileg fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Annað árið í röð var loðnubrestur. Verð á lýsi lækkaði frá fyrra ári. Fjárhagsleg niðurstaða ársfjórðungsins skilar sér í 9,64% ávöxtun á bókfærðu eigin fé á síðustu 12 mánuðum á sama tíma og verðbólga hefur verið að meðaltali 4,2%.

Í augnablikinu eru dökkar horfur fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki ef frumvörp ríkisstjórnarinnar sem nú liggja fyrir Alþingi verða samþykkt óbreytt.

Fyrirhuguð breyting á lögum um veiðigjald um hækkun á gjaldi á uppsjávartegundir, þorsk og ýsu hefði þýtt um 90 - 100% hærra veiðigjald fyrir félagið á árunum 2023 og 2024. En ef reiknað gjald pr. kg fyrir árið 2025 í töflum 4 og 10 í frumvarpinu er heimfært á aflann árið 2024 þýðir það um 125% hærra veiðigjald.

Þá liggur einnig fyrir Alþingi frumvarp um tengda aðila í sjávarútvegi sem setur greininni reglur sem eru á skjön við það sem almennt gildir í íslensku atvinnulífi. Verði þessar reglur að veruleika setja þær skráðum sjávarútvegsfyrirtækjum þrengri skorður en öðrum fyrirtækjum sem takmarka munu vöxt og viðgang þeirra. Það er eðlileg krafa að fyrirtæki í sjávarútvegi sitji við sama borð og önnur fyrirtæki þegar kemur að sköttum og starfsumhverfi. Annars er hætta á að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki verði síðri kostur í augum lífeyrissjóða og annarra almennra fjárfesta sem mun draga úr getu þeirri til að vaxa og eflast í alþjóðlegri samkeppni.

Starfsemin á 1F2025

Bolfiskveiðar og vinnsla félagsins gengu þokkalega á tímabilinu. Skip félagsins veiddu um 14 þús. tonn samanborið við um 11 þús. tonn á sama tímabili í fyrra. Gulllaxveiðar gengu vel en ufsaveiði var áfram erfið. Afurðaverð á þorsk- og ýsaafurðum hækkuðu á tímabilinu og eru há í sögulegu samhengi. Afurðaverð á ufsa- og karfaafurðum hafa verið nokkuð stöðug. Áhersla hefur verið á að auka sölu á ferskum karfaafurðum frá landvinnslu félagsins og voru seld um 250 tonn af ferskum karfaafurðum á tímabilinu samanborið við 145 tonn á sama tímabili í fyrra.

Uppsjávarveiðar skipa Brims hófust í janúar á kolmunna í færeysku lögsögunni líkt og í fyrra. Kolmunnaveiðar voru stundaðar til loka febrúar og veiddust um 18 þúsund tonn á þeim tíma og var aflanum landað í fiskimjölsverksmiðjum félagsins á Vopnafirði. Því miður fannst lítið af loðnu og aflheimildir Brims aðeins um 850 tonn sem landað var í lok febrúar á Vopnafirði.

Fréttatilkynning

Helstu atriði úr fjárhagsuppgjöri 1F 2025

- Vörusala var 101,4 m€ á fjórðungnum samanborið við 94,5 m€ á fyrsta fjórðungi 2024
- Hagnaður var 7,6 m€ á fjórðungnum samanborið við 4,5 m€ á fyrsta fjórðungi 2024
- EBITDA var 14,9 m€ og EBITDA hlutfall 14,7%
- Eignir lækkuðu um 24,8 m€ frá áramótum og voru 971 m€ í lok tímabilsins
- Eigið fé þann 31. mars 2025 var 477 m€ og eignfjárlutfall 49,1%

Rekstur

EUR '000	1F 2025	1F 2024
Seldar vörur	101.370	94.455
Kostnaðarverð seldra vara	(86.127)	(82.317)
Vergur hagnaður	15.243	12.138
Útflutningskostnaður	(2.086)	(1.792)
Annar rekstrarkostnaður	(3.049)	(2.830)
Rekstrarhagnaður	10.108	7.516
Fjáreignatekjur	433	901
Fjármagnsgjöld	(5.123)	(5.367)
Gengismunur	(917)	189
Áhrif hlutdeildarféлага	4.242	1.951
Hagnaður fyrir tekjuskatt	8.743	5.190
Tekjuskattur	(1.173)	(684)
Hagnaður tímabilsins	7.570	4.506
EBITDA	14.940	12.047
EBITDA%	14,7%	12,8%

Seldar vörur námu á 1F 2025 101,4 m€ samanborið við 94,5 m€ á 1F 2024.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 14,9 m€ eða 14,7% af rekstrartekjum, en var 12,0 m€ eða 12,8% á 1F 2024.

Nettó fjármagnskostnaður var 5,6 m€ en var 4,3 m€ á 1F 2024. Áhrif hlutdeildarféлага voru 4,2 m€, en voru 2,0 m€ á 1F 2024.

Hagnaður fyrir tekjuskatt var 8,7 m€, samanborið við 5,2 m€ á 1F 2024. Tekjuskattur nam 1,2 m€, en var 0,7 m€ á 1F 2024. Hagnaður tímabilsins varð því 7,6 m€ en var 4,5 m€ á 1F 2024.

Fréttatilkynning

Efnahagur

EUR '000	31.03.2025	31.12.2024
Fastafjármunir	813.920	820.968
Veltufjármunir	157.287	175.005
Eignir samtals	971.207	995.973
Eigið fé	477.131	488.919
Langtímaskuldir	396.862	398.102
Skammtímaskuldir	97.214	108.952
Eigið fé og skuldir	971.207	995.973

Heildareignir félagsins námu 971 m€ í lok 1F 2025. Þar af voru fastafjármunir 814 m€ og veltufjármunir 157 m€.

Eigið fé nam 477 m€ og var eiginfjárlutfall 49,1%, sem er sama hlutfall og í lok árs 2024. Heildarskuldir félagsins voru 494 m€ í lok fjórðungsins og lækkuðu um 13 m€ frá áramótum. Arður sem samþykktur var á aðalfundi og greiddur þann 30. apríl hefur verið skuldfærður í efnahagsreikningi 31. mars 2025.

Sjóðstreymi

EUR '000	1F 2025	1F 2024
Handbært fé frá rekstri	22.530	13.417
Fjárfestingarhreyfingar	5.919	(1.481)
Fjármögnunarhreyfingar	(34.665)	(3.317)
(Lækkun) (hækkun) á handbærlu	(6.216)	8.619

Handbært fé frá rekstri nam 22,5 m€ á fyrsta fjórðungi ársins, en var 13,4 m€ á fyrsta fjórðungi 2024. Fjárfestingarhreyfingar jákvæðar um 5,9 m€ og fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 34,7 m€. Handbært fé lækkaði því um 6,2 m€ og var 45,9 m€ í lok tímabilsins.

Handbært fé í lok tímabilsins	45.919	42.797
--------------------------------------	---------------	---------------

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrsta fjórðungs ársins 2025 (1 evra = 145,63 ísk) voru tekjur 14,7 milljarðar króna, EBITDA 2,2 milljarðar og hagnaður 1,1 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 31. mars 2025 (1 evra = 142,7 ísk) voru eignir samtals 138,6 milljarðar króna, skuldir 70,5 milljarðar og eigið fé 68,1 milljarðar.

Hluthafar

Lokaverð hlutabréfa 31. mars 2025 var 66,8 kr. á hlut og var markaðsvirði félagsins þá 128,6 milljarðar króna. Fjöldi hluthafa var 1.661.

Fréttatilkynning

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfund Brims hf. 27. maí 2025. Árshlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards). Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun í sjávarútvegi með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Fjárhagsdagatal

Annar ársfjórðungur	28. ágúst 2025
Þriðji ársfjórðungur	20. nóvember 2025
Fjórði ársfjórðungur	26. febrúar 2026

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.